

18. september 2023



Drög að frumvarpi til laga um Loftslagsstofnun

Stjórnarráð Íslands
Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið



Atriði til að hafa í huga

- ❖ UST og OS koma fyrir í fjöldamörgum lögum
- ❖ Lögin um UST afar rýr
- ❖ Fjöldamörg markmið í lögum
- ❖ Mörg og fjölbreytt verkefni í lögum
- ❖ Margskonar úrræði og valdheimildir í lögum
- ❖ Þörf fyrir einfalda og skýra umgjörð í lögum um stofnunina sjálfa
- ❖ Sjónarmið að þurfi ekki að breyta lögnum þótt aðrar lagabreyt. verða
- ❖ Fókusinn á málefni og eðli verkefna í frumvarpinu um stofnunina
- ❖ Föngum það sem er nú þegar í lögum
- ❖ Málefnasvið og verkefni í stafrófsröð til að gera ekki upp á milli
- ❖ Eftir stendur – fara yfir og samræma reglum og málsmeðferð – ef mismunandi hjá OS og UST.



Kaflaskipting frumvarps

- I. Kafla Yfirstjórn og skipulag
- II. Kafla Hlutverk og verkefni
- III. Kafla Valdheimildir, stjórnsýsluviðurlög, gjaldtaka o.fl.
- IV. Kafla Ýmis ákvæði



Yfirstjórn og skipulag

1. gr.

Yfirstjórn.

Loftslagsstofnun er ríkisstofnun sem heyrir undir yfirstjórn ráðherra.

Innan Loftslagsstofnunar starfar Raforkueftirlitið sem sérstök eining og er það sjálfstætt í þeim störfum sem felast í raforkueftirliti.



Yfirstjórn og skipulag frh.

2. gr.

Forstjóri o.fl.

Ráðherra skipar forstjóra Loftslagsstofnunar til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa háskólamenntun sem nýtist í starfi. Forstjóri ber ábyrgð á starfsemi Loftslagsstofnunar og annast rekstur hennar.

Forstjóri ber ábyrgð á:

1. að stofnunin starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og stefnu stjórnvalda,
2. fjárreiðum stofnunarinnar og reikningshaldi,
3. að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt og í samræmi við ársáætlun, að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma séu í samræmi við fjárveitingar og gerð ársáætlunar fyrir stofnunina í heild.
4. Ráðningu starfsfólks og fer með yfirstjórn starfsmannamála.



Yfirstjórn og skipulag frh. (2. gr.)

Ráðherra skipar skrifstofustjóra Raforkueftirlitsins til fimm ára í senn. Ber hann faglega og stjórnunarlega ábyrgð á rekstri Raforkueftirlitsins og öðrum verkefnum sem forstjóri felur honum. Sama einstakling er aðeins hægt að skipa skrifstofustjóra Raforkueftirlitsins tvisvar sinnum.

Loftslagsstofnun skal árlega gera áætlun um störf stofnunarinnar, birta skýrslu um starfsemi sína og setja sér stefnu til lengri tíma um starfsemi og meginverkefni stofnunarinnar í samræmi við ákvæði laga um opinber fjármál.

Ráðherra setur í reglugerð, að höfðu samráði við Loftslagsstofnun, nánari ákvæði um skipulag stofnunarinnar, þ.m.t. staðsetningu starfsstöðva hennar með það að markmiði að fjölga störfum á landsbyggðinni.



Hlutverk og verkefni

3. gr.

Hlutverk Loftslagsstofnunar.

Loftslagsstofnun fer með stjórnarsýslu og eftirlit sem og önnur verkefni á sviði loftslags-, umhverfis- og orkumála og málefna auðlindanýtingar. Stofnunin skal í starfsemi sinni vinna að lögbundnum markmiðum og stefnu stjórnvalda hverju sinni og eftir atvikum að leitast við að hafa samráð við stofnanir sem tengjast starfsemi hennar sem og aðra aðila.



Hlutverk frh.

Málefni sem falla undir starfsemi Loftslagsstofnunar eru eftirtalin:

1. Efnamál.
2. Erfðabreyttar lífverur.
3. Fráveitumál.
4. Hollustuhættir.
5. Hringrásarhagkerfi og úrgangsmál.
6. Jöfnun kostnaðar við húshitun og dreifingu raforku.
7. Leit, rannsóknir og vinnsla orku og annarra auðlinda í jörðu og á, í eða undir hafsbotni.
8. Mengunarvarnir.
9. Orkuskipti.
10. Orkusparnaður og nýting orku.
11. Hitaveitur.



Hlutverk frh.

12. Loftgæði, þ.m.t. losunarbókhald yfir loftmengunarefni.
13. Loftslagsmál, þ.m.t. losunarbókhald Íslands yfir gróðurhúsalofttegundir og viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.
14. Raforkumarkaður.
15. Stjórn vatnamála.
16. Umhverfisábyrgð.
17. Umhverfisvottanir og sjálfbær neysla.
18. Upprunaábyrgðir.
19. Varnir gegn mengun hafs og stranda.
20. Vatnsréttindi og nýting og aðgangur að vatni.
21. Verndar- og orkunýtingaráætlun.
22. Vinnsla, flutningur, dreifing og viðskipti með raforku.
23. Öryggi raforkukerfisins.



Verkefni

5. gr.

Verkefni Loftslagsstofnunar.

Loftslagsstofnun veitir ráðherra ráðgjöf og aðstoð við undirbúning að stefnumótun, áætlunum og setningu laga og stjórnvaldsfyrirmæla á starfssviði sínu. Stofnunin veitir einnig öðrum stjórnvöldum ráðgjöf og umsagnir um slík málefni í samræmi við lög.



Verkefni – 5. gr. frh.

Önnur helstu verkefni Loftslagsstofnunar eru eftirtalin eins og nánar greinir í ákvæðum laga þar um:

1. Ákvarðanir um útgáfu leyfa og beiting sambærilegra heimilda auk annarrar stjórnslu,
2. Eftirlit með framfylgd laga og annarra stjórnvaldsfyrirmæla.
3. Fræðsla og leiðbeiningar ásamt söfnun og miðlun upplýsinga.
4. Gerð og framfylgd áætlana og skýrslna.
5. Samræming heilbrigðiseftirlits
6. Setning tekjumarka flutnings- og dreififyrirtækja.
7. Viðbrögð við bráðamengun á hafi.
8. Umsjón með vöktun tiltekinna umhverfispátta.
9. Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi á starfssviði stofnunarinnar.
10. Önnur verkefni samkvæmt sérlögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða ákvörðun ráðherra.



Valdheimildir, stjórnsýsluviðurlög, gjaldtaka o.fl.

6. gr.

Valdheimildir, stjórnsýsluviðurlög, gjaldtökuheimildir, framsal eftirlits o.fl.

Um valdheimildir Loftslagsstofnunar, beitingu stjórnsýsluviðurlaga, gjaldtökuheimildir, endurgreiðslur vegna ýmiss konar kostnaðar stofnunarinnar og heimildir Loftslagsstofnunar til að gera samninga við faggilta skoðunaraðila eða aðra um framkvæmd tiltekinna verkefna eða eftirlits fer eftir ákvæðum annarra laga sem stofnunin starfar eftir.



Gildistaka og framkvæmd

7. gr.

Gildistaka.

Lögin taka strax gildi en koma ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 2025. Samhliða því að lögin koma til framkvæmda tekur Loftslagsstofnun við lögformlegu hlutverki sínu. Á sama tíma og lögin koma til framkvæmda falla úr gildi lög nr. 87/2003 um Orkustofnun.



Bráðabirgðaákvæði

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Starfsfólk stofnana sem sinnt hafa þeim verkefnum sem munu heyra undir Loftslagsstofnun samkvæmt lögum þessum þegar viðkomandi stofnanir verða lagðar niður, skal eiga forgangsrétt til starfa í Loftslagsstofnun þegar hún tekur til starfa. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessu ákvæði.
2. Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. er ráðherra heimilt að skipa forstjóra Loftslagsstofnunar við gildistöku þessara laga og skal hann vinna með umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu að undirbúningi að framkvæmd laganna, þ.m.t. ráðningu starfsfólks.



Breytingar á öðrum lögum

- 43 lög
- Að mestu leyti breytingar á heiti stofnana
- Skipta þurfti upp löggjöfinni og ýmsum hlutverkum UST í tvennt (náttúruvernd + umhverfis- og loftslagsmál)
- Umsagnarhlutverk stofnananna sem dettur niður eða færast í náttúruverndina
- Ákvæði færð úr lögum um Orkustofnun yfir í sérlöggjöf til að samræma
- Aðrar smávægilegar lagfæringar



Greinargerð

- Gerð grein fyrir ferli stofnanabreytinga og markmiðum
- Greint frá öllum þeim lögum sem stofnanirnar starfa eftir og helstu verkefnum
- Einnig í hvaða lögum á öðrum málefnasviðum stofnanirnar koma fyrir
- Tilgreind helstu markmið sem stofnuninni er ætlað að starfa eftir
- Dregin fram sérstaða raforkueftirlitsins



Takk fyrir